

CARE TRIAD

Care Triad er glært, tvíþátta, sýruhert lakk, sem gefur góða fyllingu.

Care Triad er mjög hraðþornandi og er létt í slípun. Care Triad gefur lítið formaldehyd frá sér hvort heldur er við lökkun eða hörðun. UPPFYLLIR E1 KRÖFUR.



Care Triad hentar vel á húsgögn og innréttingar.

Care Triad er best að bera á flötinn með loftsprautu, háþrýstisprautu eða lakkt-eppavél. Mikilvægt er að efnisáburður sé jafn og í samræmi við fyrirskrifaða efnisnotkun.

Herðir:

Í **Care Triad** skal blanda Bernyl Herði 309, 7,5 % í rúmmáli.

Þynnir:

Fyrir sprautun skal þynna lakkið með Bernylþynni 309 eða 31. Flæðiseigja skal vera 17-25 sek fyrir loftsprautu, 25-30 sek fyrir háþrýstisprautu og 25-40 sek fyrir lakkteppavél.

Notatími:

Minni enn 3 dagar eftir íblöndun herðis.

Hreinsun áhalda:

Með Bernylþynni 31 eða 309.

Viðurinn skal vera vel þússaður. Slípa skal eftir fyrstu umferð til að fjarlægja hugsanlega ýfingu viðarins og til að tryggja örugga viðloðun við næstu umferð.

Þurrktími:

Loftþornun við 20°C, 2-4 klst.
Hröðuð þornun við 35-40°C, 30 - 40 mín.

Hitastig má ekki vera yfir 30°C við stöflun. Uppgefinn tími er leiðbeinandi og háður aðstæðum hverju sinni.

Þykkt (flæðiseigja):

Um 70 - 80 sek. (DIN 4 við 20°C).

Eðlismassi:

0,96 g/ml (25°C). Skv. SIS staðli.

Þurrefni:

Um 42 % af massa.

Efnisnotkun:

100 - 175 g/m² fyrir loftsprautu og háþrýstisprautu. Fyrir lakkteppavél 150 - 200 g/m².

Beckers



Gljái: Um 15,20 eða 40. Skv.
Gardner 60°.

Hitastig við notkun:

Bæði lakkið, flötur og loft verða að vera yfir 18°C.

Geymsluþol:

Um 12 mánuðir í óátekinni umbúð.